



Allsherjarnefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2001

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, þskj. 177 – 176. mál 127. löggjafarþing 2001 - 2002.**

Áfengis- og vímuvarnaráð þakkar fyrir að fá ofangreint frumvarp til breytingar á áfengislögum til umsagnar. Ráðið leggst gegn frumvarpinu á eftirfarandi forsendum.

Flestar greinar áfengislaga nr. 75/1998 sem fjalla um framleiðslu á áfengi snúast um framleiðslu í atvinnuskyni. Í 2. mgr. 4. gr. laganna segir þó:

„Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr., þótt ekki sé í atvinnuskyni:


a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu,...

Tilgangur áfengislaganna er að vinna gegn misnotkun áfengis eins og fram kemur í 1. grein þeirra.

Þó það kunni að virðast saklaust að leyfa framleiðslu léttvíns úr íslenskum berjum og jurtum til einkanota, eins og lagt er til í frumvarpinu, myndi slík breyting gera eftirlit með ólöglegri sölu á því erfitt. Löglegur framleiðandi heimabuggs á auðvelt með að stunda ólöglega og svarta sölu með því að skýla sér á bak við það að framleiðslan sé einungis til einkanota og persónulegra gjafa til vina og vandamanna.

Auk þess er hætt á að lagabreyting sem þessi yrði vatn á myllu óprúttinna landabuggara sem eru tilbúnir að selja andlega, líkamlega og félagslega óþroskuðum og ólögráða unglíngum framleiðslu sína. Misnotkun áfengis- og vímuefna, sem neysla óharðnaðra unglíngja hlýtur að teljast, er alvarlegt heilbrigðislegt og félagslegt vandamál. Fyrir fáum árum var landaneysla unglíngja útbreidd víða um land og þótti ástæða til að leggja mannafla, fé og krafta í að vinna gegn henni. Sem betur fer ber minna á landaneyslu unglíngja nú og má þakka það starfi lögreglu og allra þeirra sem um árabil hafa unnið að forvörnum á þessu sviði í landinu. Það væri miður ef eitt pennastrik yrði til að snúa þeirri þróun aftur til verri vegar.

Áfengis- og vímuvarnaráð,

  
Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri